



Eik fasteignafélag hf.
Sóltún 26
105 Reykjavík

29. ágúst 2024

Staðfesting og könnun PwC á útreikningum sérstakra skilyrða skuldabréfaflokksins EIK 100346

Í tengslum við þjónustusamning PricewaterhouseCoopers ehf. („PwC“) við Eik fasteignafélag hf. („Eik“), undirritaður 9. október 2017 í tengslum við hlutverk sitt sem eftirlitsaðili, birtir PwC hér niðurstöður vegna skuldabréfaflokksins EIK 100346.

Eftirlitsaðili skal staðfesta og kanna sjálfstætt útreikning útgefanda (Eik) á sérstökum skilyrðum, þ.e. sjóðstreymis- og eiginfjárvöðum og fjárhæð tryggingabréfa, eins og þau eru skilgreind í skuldabréfaflokknum. Efnahagsliðir miðast við punktstöðu á uppgjorsdegi og rekstrarliðir við undangengna tólf mánuði frá uppgjorsdegi. Staðfestingin og könnunin skiptist í sérstök fjárhagsleg skilyrði og tryggingaskilyrði sbr. hér að neðan.

Fjárhagsleg skilyrði		Skilyrði	Niðurstaða útreiknings	Skilyrði staðist
Sjóðstreymiskvöð:	Hreinar leigutekjur deilt með reiknuðum vöxtum á tólf mánaða tímabili.	Aldrei lægra en 1,5	2,35	Já
Eiginfjárvöð:	Eiginfjárlutfall án óefnislegra eigna á prófunardegi.	Aldrei lægra en 20%	33,1%	Já
Tryggingaleg skilyrði				
Sjóðstreymiskvöð:	Hreinar leigutekjur veðandlagsins deilt með reiknuðum vöxtum af nettó veðskuldum (án verðbóta og gengisbreytinga) á tólf mánaða tímabili.	Aldrei lægra en 1,65	2,49	Já
Veðsetningarhlutfall:	Hlutfall nettó veðskulda miðað við bókfært virði veðandlagsins.	Aldrei hærra en 75%.	60,8%	Já

PwC staðfestir hér með að skuldabréfaflokkurinn EIK 100346 stenst öll ofangreind skilyrði miðað við dagsetninguna 30.6.2024.